

Vinnuskýrslur fornleifa 2005: 5

***Fornleifaskráning  
í Hvammi í Landsveit,  
Rangárvallasýslu***



***Guðrún Sveinbjarnardóttir***

Reykjavík 2005

Ljósmynd á forsíðu: Bæjarstæði Norðurbæjar er fyrir miðri mynd, hægra megin við steinsteypt útihús. Vinstra megin sér í bæjarhús Frambæjar. Landamerki fylgja vegi/girðingu. Séð í austur.

Ljósmynd: Guðrún Sveinbjarnardóttir

© Guðrún Sveinbjarnardóttir

## Efnisyfirlit

|                                                    |    |
|----------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                    | 4  |
| Tilgangur fornleifaskráningar .....                | 4  |
| Fornleifaskráningin – aðferðir .....               | 6  |
| Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat ..... | 6  |
| Staðhættir og lýsing .....                         | 6  |
| Heimildarmenn og heimildaskrá .....                | 6  |
| Staðhættir í Hvammi .....                          | 6  |
| Byggðasaga .....                                   | 7  |
| Fornleifaskrá .....                                | 7  |
| Niðurstöður skráningar .....                       | 15 |
| Heimildaskrá .....                                 | 16 |

## Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Norðurbæjar Hvamms í Árnessýslu leituðu Suðurlandsskógar til skýrsluhöfundar um að gera fornleifaskráningu á þeim hluta jarðarinnar sem ekki hafði verið skráður áður, en samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga verður slík skráning að fara fram áður en framkvæmdir hefjast. Árið 2002 hafði nyrsti hluti landareignarinnar, næst Þjórsá, verið skráður vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda (Bjarni F. Einarsson 2002). Landsvæðið sem skráð var í þessari umferð liggur austan, norðan og vestan við bæjarstæðið. Sunnan við það er land Frambæjarins (suðurmörk landareignarinnar eru mörkuð rauðri línu neðst á útbrotna kortinu aftast í þessari skýrslu).

Skráning á vettvangi var gerð 15. júlí 2005. Guðfinnur Eiríksson, einn eigenda jarðarinnar, kom á vettvang áður en skráning hófst og skýrði frá aðstæðum. Hann og sameigendur hans eignuðust landið árið 2000. Fyrir þann tíma var land Norðurbæjar nýtt af Frambænum. Suðurlandsskógar útveguðu kort af landareigninni og eru minjarnar, ásamt örnefnum sem benda til mannlegra umsvifa, merkt inná það (sjá útbrotið kort aftast í skýrslunni). Þar sem eru rústir eru stór númer, þar sem eru eingöngu örnefni sem benda til mannlegra umsvifa eru lítil númer.

Aðeins eina færslu var að finna fyrir þessa jörð í Sarpi, gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands. Hún byggir á Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990, og var fyrir Árbæ eða Á, fornt býli í bæjarlandinu. Minjar býlisins eru við Þjórsá, nyrst í bæjarlandinu, og voru skráðar árið 2002 (nr. 46 í þeirri skrá; í Örnefnaskrá er staðurinn nr. 111). Alls voru 8 fornleifastaðir skráðir á norðurhluta lands Hvamms árið 2002 (númer 39 – 46 í skránni). Sú skráning er ekki endurtekin hér, en staðirnir eru

merktir inn á kortið aftast í þessari skýrslu með sömu númerum og í skýrslunni frá 2002. Á kortinu má því sjá allt sem skráð hefur verið í landi Norðurbæjarins í Hvammi.

Nú er einbýlt í Hvammi, og búið á Frambænum. Bæjarhús liggja sunnan við bæjarhól Norðurbæjarins og sést aðeins í þau á forsiðumynd.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

*[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður, vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar,  
hof og vé, brunnar, uppsprettur,  
álagablettir og aðrir staðir og  
kennileiti sem tengjast síðum,  
venjum, þjóðtrú og þjóðsagnahefð;  
g. áletranir, myndir eða önnur  
verksummerki af manna völdum í  
hellum eða skútum, á klettum,  
klöppum eða jarðföstum steinum og  
minningarmörk í kirkjugörðum;  
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunar-  
staðir úr heiðnum eða kristnum sið;  
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en þó er heimilt að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. grein.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef fornleifar, sem ekki var vitað um, finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Ef fornleifar koma í ljós við jarðrask skal stöðva vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir mega halda áfram (sjá 13. gr). Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. Þjóðminjalaganna, en þar segir:

*Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega*

*sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.*

*Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.*

Markmið fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Hún kemur einnig að notum í minjavörslunni við ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Þá nýtist hún við rannsóknir og kynningar. Að auki er þeim sem stýra framkvæmdum hagur að því að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Það auðveldar þeim að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og gerir þeim kleift að nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Minni líkur eru einnig á því að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka, en kostnaður við þær getur verið mikill, auk þess sem tafir á framkvæmdum geta haft mikinn kostnað í för með sér. Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur hvað fornleifafræðinni viðkemur. Fornleifaskráning sameinar

því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en þar sem þess er ekki kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur Fornleifavernd krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast vegna þeirra (sjá 14. gr. þjml).

### **Fornleifaskráningin - aðferðir**

Fornleifaskráningin í Hvammi fylgir sömu aðferðum og fornleifaskrár Þjóðminjasafns Íslands sem skráðar eru í skráningarkerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá (6 stafa númerið -164983 - við hvern minjastað) og jarðaskiptingu eins og hún kemur fram í Jarðatali Johnsens frá 1847 (3ja stafa númerið - 439 - við hvern minjastað). Þar á eftir kemur hlaupandi númer, eitt fyrir hvern minjastað fyrir sig.

Hver jörð hlýtur einkennisstaf eða stafi í skránni. Hvammur ber einkennisstafina HVA. Við vettvangsskráninguna var notað lítið GPS staðsetningartæki og eru niðurstöður mælinganna skráðar við þá minjastaði sem við á: norður- og vesturbreidd, og hæð yfir sjó. Skekkja tækisins var að meðaltali 6 m.

### **Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat**

Ofangreind efnisatriði eru skráð við hvern minjastað þar sem þau eru þekkt. Með *sérheiti* er átt við örnefni viðkomandi staðar ef til er, t.d. Árbær; *hlutverk* er t.d. bústaður, sel, kvíar; *tegund* er venjulega tóft eða heimild, það síðarnefnda ef ekki sjást merki um minjarnar; *ástand* getur verið gott, sæmilegt eða slæmt og er metið við

skráningu á vettvangi; *hættumat* byggist á hættu af völdum náttúru, t.d. vegna uppblásturs, eða manna, þ.e. vegna ábúðar, byggingar- og ræktunarframkvæmda.

### **Staðhættir og lýsing**

Hér er greint frá afstöðu minjanna í landslaginu og til annarra nálægra minja í bæjarlandinu, og umhverfi þeirra lýst eftir því sem unnt er. Hér er einnig lýsing á minjunum sjálfum.

### **Heimildamaður og heimildaskrá**

Við hvern minjastað er getið þeirra heimilda, bæði frá einstaklingum og úr ritum, sem stuðst er við til að fá upplýsinga um hann. Þar sem engar upplýsingar eru til er þessum atriðum sleppt í upptalningunni. Heimilda er einnig getið innan sviga í textanum þar sem við á. Þá er heimildaskrá aftast þar sem getið er allra þeirra heimilda sem stuðst er við í skýrslunni.

### **Staðhættir í Hvammi**

Hvammur er í Landsveit í Rangárvallasýslu. Land sveitarinnar einkennist nokkuð af flatlendi, uppgrónu hrauni, harðvelli og uppblásnu landi. Á landnámsöld er talið að sveitin hafi öll verið vaxin þroskamiklum birkiskógi, en í skjóli hans óx valllendisgróður. Hvammur stendur undir miðri vesturhlíð Skarðsfjalls sem er um 5 km langur móbergshryggur sem vísar sem næst í norður – suður. Skarðsfjall er ekki hátt, mest um 336 m.y.s., en af því má fá ágæta yfirsýn yfir landið, sem er þurrlegt, sendið og gróið hraun. Það þótti gott til ræktunar, skjólsamt og sæmilegt til vetrarbeitar. Landamerkin milli Hvamms og Skarðs, næsta bæjar til austurs, liggja eftir Skarðsfjalli endilöngu. Mikill uppblástur hefur herjað, sérstaklega austan fjallsins og mörg býli þar farið í eyði í gegnum tíðina. Holótt grashraunið ofan vegar upp að Skarðsfjalli heitir einu nafni

Hruni. Í vestur frá bænum, að Þjórsá, er framhald Hrunans til norðurs (Árbók ferðafélagsins 1966; Sunnl.byggðir V).

### Byggðasaga

Árbær, Húsagarður, Stóruvellir og Lunansholt eru taldar landnámsjarðir sveitarinnar. Árbær er í landi Hvamms, en stóð áður allmiklu ofar við Þjórsá (nr. 46 á kortinu aftast) en síðar varð.

Svo segir í Landnámu: "Ketill enn einhendi hét maðr, son Auðunar þunnkårs; hann nam Rangárvollu alla ena ytri fyrir ofan Lækjarbotna ok fyrir austan Þjórsá ok bjó at Á" (ÍF I, 364). "Sá bær er kominn í eyði fyrir ævalöngu, en hann stóð á bakka Þjórsár gegnt Ölmóðsey um 2 km ofan við ferjuna á Hrosshyl (Árbók ferðafélagsins 1966, 26).

1686, 1695/97 var Hvammur í einkaeign, dýrleiki 40 hdr. (Björn Lárusson 1967, 97).

1708 var jörðin 40 hdr að dýrleika, með tvo leiguliða sem ábuendur. (Jarðabók 1, 295)

Tvíbýli var lengi í Hvammi, Norðurbær og Frambær, en síðan 1972 hefur Norðurbær verið í eyði. Auk þess voru þar um tíma á 17. öld hjáleignar Norðurhjáleiga eða Norðurgarður, og Hvammshjáleiga, og Árbær á 19. öld (Sunnl.byggðir V, 191). Árbær og Norðurhjáleiga eru í landi Norðurbæjar, en Hvammshjáleiga í landi Frambæjar. Bæjarhús Norðurbæjar voru rifin árið 2000, þegar nýir eigendur eignuðust þann hluta jarðarinnar. Fram að þeim tíma var landið nýtt af Frambænum. Landamerkin milli jarðarpartanna liggja nú um hlaðið, í vestur meðfram heimreiðinni og síðan í suðvestur út í Þjórsá (sjá kort aftast í skýrslunni).

### Fornleifaskrá

HVA-164983 439 - 1

N64 01.352 V20 08.745

Sérheiti: Norðurbær

Hlutverk: bústaður

Tegund: bæjarhóll

Ástand: flest hafa húsin verið rifin

Hættumat: hætta vegna ábúðar

### Staðhættir og lýsing

Bærinn stóð norðantil á bæjarhólnum, í austurjaðri Niðurtúns, en um það þvert liggur lækjarfarvegur, nú þurr, sem skiptir túninu í tvennt. Bæjarhóllinn er gróinn og grasi vaxið allt um kring. Húsum hefur að mestu verið jafnað út, en sést þó að hér hafa verið samhliða hús sem öll hafa vísað göflum til vesturs. A. er eina húsið sem enn stendur, steinsteypt með bárujárnsþaki (sjá forsiðumynd). Sunnan við það er b. djúpt grafinn grunnur, líklega eftir hlöðu, hlaðinn hraunsteini, 9 x 3,5 m að innanmáli, opinn út til vesturs, veggjahæð um 2,8 m. Sunnan við hann er c., húsgrunnur, einnig opinn út til vesturs, innanmál 5,5 x 2 m, veggjahæð 1,3 m. Bárujárn úr þaki hefur fallið inn í hann. Norðaustan við a. er d., um 4 x 1,3 m að innanmáli, innri grjóthlaðnir veggir standa í fullri hæð, 1,3 m. Dyr eru í vesturhorni gafls, 0,85 m að breidd. Norðaustan við d. er e., sem er steypur lítill klefi sem gengið er niður í.



Mynd 1. Bæjarstæði Norðurbæjar, 439-01, séð í suður.

### Aðrar upplýsingar

Húsin voru rifin árið 2000. Landið var nýtt af Frambænum til þess tíma.

### Heimildarmaður:

Guðfinnur Eiríksson, einn eigenda jarðarinnar síðan 2000

### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. Hvammur, Landmannahreppi. Örnefnastofnun Íslands 1929.


### HVA-164983 439 -2

N64 01.392 V20 08.654  
125 m.y.s.

Hlutverk: lambakofi?  
Tegund: tóft  
Ástand: ágætt  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

### Staðhættir og lýsing

Liggur norðaustan við bæjarhólinn, gróið land allt um kring. Djúpur lækjar(?)farvegur rétt sunnan við, nú þurr. Niðurtún er vestan við. Ferhyrnd, langhlið vísar til vesturs þar sem dyr eru. Utanmál c. 4 x 3 m, innanmál c. 2 x 1 m, dyr 0,5 m breiðar. Grjóthlaðnir veggir innan, yfirgróin en vel uppistandandi. Bárujárn hefur verið í þaki. Rétt norðaustan við er dæld, e.t.v. eftir tóft þó óljóst sé.



Mynd 2. Lambakofi (?), 439-02,, séð í austur á dyr.



Mynd 3. 439-02 og bæjarstæðið í baksýn.

### HVA-164983 439 -3

N64 01.382 V20 08.709

Hlutverk:  
Tegund: tóft  
Ástand: svo til horfin  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

### Staðhættir og lýsing

Norðaustan við bæjarhólinn, uppi á brúninni suðaustan við Niðurtún. Grasi gróið allt um kring. Vel yfirgróin ferhyrnd dæld, um 2 x 2 m að innanmáli.

### HVA-164983 439 -4

N64. 01389 V20.08.693  
121 m.y.s.

Hlutverk:  
Tegund: tóftir  
Ástand: vel yfirgrónar  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

### Staðhættir og lýsing

Um 12 m norðaustan við 3, Niðurtún er rétt vestan við, grasi gróið allt um kring.

Litlar samhliða tóftir sem eru grafnar upp að náttúrulegum bakka, hlaðnar hraungrjóti innan, opnar út til vesturs. Sú syðri er 1,3 x 0,6 m að innanmáli, sú nyrðri 1,25 x 0,85 m, með svolitlum dyrakampi.



Mynd 4. Tóftir 439-04, séð í austur.

### HVA-164983 439 -5

N64 01.393 V20 08.695

Hlutverk:

Tegund: tóft

Ástand: yfirgróin

Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Um 3 m í norður frá 4. Niðurtún er rétt vestan við. Grasi gróið allt um kring. Hlaðin upp að náttúrulegum bakka, yfirgróin, um 2,5 x 1 m að innanmáli.



Mynd 5. Tóft 439-05, séð í austur.

### HVA-164983 439 -6

N64 01.421 V20 08.610

129 m.y.s.

Sérheiti: Hellirinn

Hlutverk: hellir og fjárrétt

Tegund: heimild



Mynd 6. Móbergsklappirnar þar sem Hellirinn, 439-06, var. Bæjarstæðið í baksýn.

Ástand: horfið

Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Norðaustan við bæinn þar sem eru berar móbergsklappir, við Hrafnagil. "Á túninu bak við bæinn er hóll, Glerhaus (55), hefur hann að líkindum þótt harður og óljápyður. Norður af honum eru dálitlar móbergsklappir, Hellirinn (56). Þar var í mínu minni lítill hellir og fjárrétt. Nú er hellirinn hruninn og réttin, en sést vel fyrir hvorutveggja" (Ágúst Kr. Eyjólfsson, 1929). Hvorki sáust merki um hellinn né réttina.

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

### HVA-164983 439 -7

N64 01.463 V20 08.632

125 m.y.s.

Sérheiti: Lindin

Hlutverk: vatnsból

Tegund: vatnsból

Ástand: gott

Hættumat: engin hætta

### Staðhættir og lýsing

”Norðan við Norðurbæ ... er hæðapýrping sem gengur til vesturs frá fjallinu ... Myndast þannig hvos eða hvammur milli hæðarmsins annarsvegar og fjallsins hinsvegar. Tvær lægðir eða rásir liggja til norðurs upp í brúnina. Í hinni eystri er vatnsból, Lindin (46). Vestari rásin heitir Blékkulind (47), sumir segja Bleikulind (46)” (Ágúst Kr. Eyjólfsson, 1929).

Lágt hlaðinn ferhyrndur veggur er hlaðinn utan um vatnsbólið sem í eru steinar og byrgt yfir með járnplötu; girt er utan um með gaddavír.

### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.



Mynd 7. Lindin, 439-07, séð í suðvestur.

### HVA-164983 439 -8

N64 01.529 V20 08.545

140 m.y.s.

Sérheiti: Eyjólfstekkatún  
Hlutverk: túngarður  
Tegund: hleðsla  
Ástand: gott  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

### Staðhættir og lýsing

Fyrir norðan Lindina (7) er ”hringmynduð torfa eða svæði sem

nefnist Eyjólfstekkatún (42)” (Ágúst Kr. Eyjólfsson, 1929).

Í norðaustur frá bænum er grasi gróið valllendi. Þar eru nokkrir túngarðar sem tengjast og mynda hólf. Þeir eru yfirgrónir, svolítið misháir og ekki endilega allir gerðir á sama tíma. Ekkert grjót er sjáanlegt í þeim. Sá nyrsti er mjög greinilegur og allhár, eða um 0,75 m (sjá mynd 8). Hann vísar í 320° í 14 m, sveigir þá í 270° í 10 m þar sem hann er að hluta rofinn. Héðan í 210° virðist vera mjög lágur, mjór veggur á 10 m kafla, þar sem annar tekur við hornrétt á og gengur í 120° í 12 m. Sá liggur svo til samsíða háa veggnum nyrst. Þessu er óljóst skipt í hólf. Gæti e.t.v. haft með ræktun að gera. Heldur áfram 10 m í 210° og virðist sveigja til austurs. Náttúrulegur stallur þjónar sem hleðsla að austanverðu. Þar við var gaddavír. Enn austar sveigir annar náttúrulegur stallur í boga.



Mynd 8. Eyjólfstekkatún, séð í vestur.

### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

### HVA-164983 439 - 9

Hlutverk: túngarður/aðhald?  
Tegund: hleðsla  
Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Rétt austan við (8) liggur þráðbeinn veggur í 320°, þvert yfir Eyjólfstekkatún, og endar við (10). Grasi gróinn og mun lægri en garðar (8). Um 100 m að lengd. Fjarar út til norðvesturs.

#### HVA-164983 439 - 10

N64 01.551 V20 08.503  
142 m.y.s.

Sérheiti: Eyjólfstekkatún  
Hlutverk: stekkur?  
Tegund: dæld  
Ástand: gott  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Fyrir norðan Lindina (7) er "hringmynduð torfa eða svæði sem nefnist Eyjólfstekkatún (42)" (Ágúst Kr. Eyjólfsson, 1929).

Aflöng dæld sem byrjar við túngarð (9) og vísar í 135°, um 19 m löng og 1 m breið, mjókkar til vesturs. Gæti verið náttúruleg, a.m.k. að hluta. Allt svæðið er grasi gróið.



Mynd 9. Stekkur, 439-10, séð í vestur.

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

#### HVA-164983 439 - 11

N64 01.554 V20 08.957

Staðsetning tekin við vesturenda garðsins

Hlutverk: túngarður  
Tegund: hleðsla  
Ástand: gott  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Garðurinn liggur samhliða norðurhlið nyrðri hluta Niðurtúns. Norðan við hann er grasi gróið sléttlendi og alldjúpur skurður á parti. Vísar í 300°, um 45 m langur, rofinn á pörtum, allhár. Er líklega túngarður býlisins Norðurgarðs sem á að hafa verið í túninu sunnan við garðinn, en engin merki sjást um það.

#### HVA-164983 439 - 12

Sérheiti: Norðurgarður  
Hlutverk: bústaður  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

"Sléttan sunnanundir hæðinni (Tortryggur, 51) heitir Norðurgarður (52), sennilega gamalt bæjarnafn. Túnið fyrir norðvestan Norðurbæ heitir Niðurtún (55)" (Ágúst Kr. Eyjólfsson, 1929). Engin merki sáust um byggðaleifar þarna í túninu.

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

#### HVA-164983 439 - 13

N64 01.483 V20 08.799

Hlutverk: útihús  
Tegund: tóft

Ástand: gott  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Tóftin stendur hátt í brekkunni norðan við nyrðra Niðurtún, í norður frá bænum. Hún er yfirgróin, veggir allháir og sér í grjót innaní. Dyr eru á gafli og vísa í suður. Í þeim virðast vera kampar. Innanmál 4 x 2 m. Norðurgafl stendur 1,3 – 1,4 m hár. Tóftin er grafin inn í hlíðina. Rétt vestan við og örlítið ofar í hlíðinni er dæld sem gæti verið eftir mannvirki. Það er þó óljóst.



Mynd 10. Tóft 439-13, séð í suður.

#### HVA-164983 439 - 14

N64 01.428 V20 09.920

Hlutverk: fjárhús?  
Tegund: tóft  
Ástand: gott  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

Rétt norðan við landamæragirðinguna sem skilur að Frambæ og Norðurbæ. Tóftir í landi Frambæjar eru sunnan við girðinguna. Vegarslóði liggur norðan við og meðfram girðingunni, grasi gróið valllendi er allt um kring. Þetta er ólöglegt þúfnakraðak sem ekkert lag er á, en sker sig úr umhverfinu.



Mynd 11. Tóft 439-14, séð í suður

#### HVA-164983 439 -15

Hlutverk: bænhús  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið

#### Staðhættir og lýsing

Í Jarðabókinni segir: "Heyrst segjast menn hafa hjer hafi hálfkirkja (bænhús) verið í gamladaga, og líka þykjast þeir hafa sjeð rök þar til af bygging en öðru ekki" (Jarðabók 1, 295-297). Ekkert er nú vitað um hvar kirkjan gæti hafa verið og ekkert örnefni er því til glöggvunar, en líklegt er að hún hafi verið nærri bæjarhúsum.

#### Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1, 295.

#### HVA-164983 439 -16

Sérheiti: Finnstættur  
Hlutverk: útihús  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

"Finnstættur voru þrennar í Hvammslandi; 1) í túninu fast austan við Frambæ (E.Á. og G.J.). 2) Í svonefndum Seta, spildu túnsins upp í fjallsrótum, austur og suðaustur af

bæjunum. Nú með öllu horfnar (G.J.).  
3) Nálægt línu frá Norðurbæ að Krummhól, miklu nær hólnum en bænum (G.J.). Allar þessar Finnstættur voru frá búskapartíð Finns Jónssonar frá Mörk, sem bjó um tíma í Hvammi” (Ingólfur Einarsson 1969).

Örnefnið er merkt á kort. Í vettfangsferð fundust engjar minjar um tóftir á þessum stað, þrátt fyrir ítarlega leit.

#### Heimildaskrá:

Ingólfur Einarsson. Viðauki við örnefnaskrá Ágústs Kr. Eyjólfssonar. *Hvammur*, *Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1969.

### HVA-164983 439 -17

Sérheiti: Blékkulind/Bleikulind  
Hlutverk: vatnsból  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

”Norðan við Norðurbæ (43) ... er hæðapýrping sem gengur til vesturs frá fjallinu móts við Sveppaflöt (45) sem fyr er nefnd. Myndast þannig hvos eða hvammur milli hæðarmsins annarsvegar og fjallsins hins vegar. Tvær lægðir eða rásir liggja til norðurs upp í brúnina. Í hinni eystri er vatnsból, Lindin (46). Vestari rásin heitir Blékkulind (47), sumir segja Bleikulind (46)” (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur*, *Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

### HVA-164983 439 -18

Sérheiti: Hálindarbrekka

Hlutverk: vatnsból  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

”Norðan við Norðurbæ (43) ... er hæðapýrping sem gengur til vesturs frá fjallinu móts við Sveppaflöt (45) sem fyr er nefnd. Myndast þannig hvos eða hvammur milli hæðarmsins annarsvegar og fjallsins hins vegar. Tvær lægðir eða rásir liggja til norðurs upp í brúnina. Í hinni eystri er vatnsból, Lindin (46). Vestari rásin heitir Blékkulind (47), sumir segja Bleikulind (46). Hæðin vestan við heitir Hálindarbrekka (49)” (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur*, *Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

### HVA-164983 439 -19

Sérheiti: Bunan  
Hlutverk: vatnsból  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

#### Staðhættir og lýsing

”Norðan við Norðurbæ (43) ... er hæðapýrping sem gengur til vesturs frá fjallinu móts við Sveppaflöt (45) sem fyr er nefnd. Myndast þannig hvos eða hvammur milli hæðarmsins annarsvegar og fjallsins hins vegar. Tvær lægðir eða rásir liggja til norðurs upp í brúnina. Í hinni eystri er vatnsból, Lindin (46). Vestari rásin heitir Blékkulind (47), sumir segja Bleikulind (46). Hæðin vestan við heitir Hálindarbrekka (49), sunnan í henni flag og ofan til í því vatnslind, Bunan (50)” (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

**Heimildaskrá:**

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi. Örnefnastofnun Íslands* 1929.

**HVA-164983 439 -20**

Sérheiti: Gildruhóll  
Hlutverk: refagildra?  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

**Staðhættir og lýsing**

"Skammt fyrir norðan Hvítuskriðu er hár toppmyndaður gr. hóll er nefnist Gildruhóll (50). Nöfnin Gildruhóll og Skothúshæð get ég til að hafi myndast þegar lágfóta átti greni í búfjárhögum, samber Grenshólar í Skarðsheiði og Grenháls skammt frá Gildruhól" (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929). Hóllinn er á landamærum Hvamms og Skarðs.

**Heimildaskrá:**

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi. Örnefnastofnun Íslands* 1929.

**HVA-164983 439 -21**

Sérheiti: Húshóll  
Hlutverk:  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

**Staðhættir og lýsing**

"Í útnorður af Gildruhól og skammt frá, er annar hóll með berum grágrýtisklöppum og allstórum klettum hér og þar. Það er Húshóll (32)" (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929). Líklegast virðist að hóllinn beri nafn af lögun sinni frekar en að örnefnið bendi til þess að þar hafi verið hús.

**Heimildaskrá:**

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi. Örnefnastofnun Íslands* 1929.

**HVA-164983 439 -22**

Sérheiti: Skothúshæð  
Hlutverk: skothús  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

**Staðhættir og lýsing**

"Nokkuru sunnar (en Lækjarhæð) löng og há torfa vestur af Hvítuskriðu framanverðu, sem heitir Skothúshæð (39), hefir þar fyrir meir verið skothús og sést enn fyrir tóftinni neðst í brekkunni. Nöfnin Gildruhóll og Skothúshæð get ég til að hafi myndast þegar lágfóta átti greni í búfjárhögum, samber Grenshólar í Skarðsheiði og Grenháls skammt frá Gildruhól" (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

**Heimildaskrá:**

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi. Örnefnastofnun Íslands* 1929.

**HVA-164983 439 -23**

Sérheiti: Árbær  
Hlutverk: bústaður  
Tegund: bæjarhóll  
Ástand: ómetið  
Hættumat: hætta vegna skógræktar

**Staðhættir og lýsing**

Bæjarstæðið er rétt norðan við landamæri Norðurbæjar og Frambæjar, alveg við Þjórsá. Hér var reistur bær árið 1838 og hélst hann í byggð til 1889 (Sunnl.byggðir V, 191). (Á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969 stendur að hann hafi verið í

byggð til 1886). Eftir að hann var farinn í eyði voru sauðahús Frambæjar byggð á þessum stað, eða eins og segir í örnefnaskráningu: "Norður af Vaðvelli er Árbæjartún (92), kringum sauðahús Frambæjar. Húsið byggt rétt hjá rústum Árbæjar (93) sem lagðist í eyði 1889. Austur af Árbæjartúni er lautótt heiði, Árbæjarheiði (94), suðurbrún hennar nefnist Árbæjarbrún (95)" (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

Vegna misskilnings var þessi staður ekki kannaður þegar skráning fór fram. Þar sjást mjög greinilegar byggðaminjar á loftmynd, túngarður, bæjarhúsasamsteypa og mjög greinileg aflöng tóft sunnan hennar sem er líklega eftir sauðahúsin sem stóðu þarna síðast. Þetta svæði hefur verið merkt sem fornleifasvæði og á því verður engin trjárækt leyfð.

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

*Summlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri Rangár. Búnaðarsamband Suðurlands* 1987.

### HVA-164983 439 – 24

Sérheiti: Ferjuklettur  
Hlutverk: ferjustæði  
Tegund: heimild  
Ástand: ómetið  
Hættumat: engin hætt

#### Staðhættir og lýsing

"Norðvestan við Árbæjarheiði er stórt hraun með talsverðum gróðri. Það heitir Krókshraun. Vestast í því móts við Þjórsárholt í Gnúpverjahreppi er hár klettur rétt við ána (þ.e. Þjórsá) sem heitir Ferjuklettur (104). Af honum er "kölluð ferjan" yfir Hrosshyl (105) (Ágúst Kr. Eyjólfsson 1929).

#### Heimildaskrá:

Ágúst Kr. Eyjólfsson. *Hvammur, Landmannahreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1929.

#### Niðurstöður skráningar

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir skráningu 24 minjastaða í landi Norðurbæjar Hvamms á þeim hluta jarðarinnar sem ekki hafði verið skráður áður. Þar af eru 9 staðir byggðir á heimildum, aðallega örnefnaskrá. Við þessa 24 staði bætast 8 minjastaðir sem skráðir voru nyrst í bæjarlandinu vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá (nr. 39 – 46 í Bjarni F. Einarsson 2002). Þessir staðir eru merktir á kortið aftast í þessari skýrslu með þeim númerum sem þeir fengu við skráningu. Einn þeirra er friðaður, þ.e. bæjarstæðið Á (nr. 46).

Flestar þær minjar sem skráðar voru árið 2005 eru nálægt bæjarstæði Norðurbæjar. Umfangsmestar eru byggðaleifar bæjarhúsasamsteypunnar, sem sýna helst vel varðveitta, grjóthlaðna húsgrunna. Þessar leifar, ásamt nokkrum vel varðveittum útihúsum (t.d. nr. 2 og 13), sýna vel grjót- og torfhlaðið byggingarlag slíkra húsa áður en steinsteypan tók við.

Merkilegustu minjastaðirnir eru stekkur (10) og túngarðar (8) þar sem ræktun gæti hafa farið fram. Ástæða er til að varðveita þessa staði og verja gegn skógrækt. Aðrir minjastaðir, t.d. Árbær (25), Norðurgarður (12) og Á eða Árbær hinn forni (46) hafa þegar verið gerðir að verndarsvæðum og ættu því að vera undanskildir skógrækt. Landsvæði þar sem engar minjar er að finna er nægilegt í bæjarlandinu. Því er lagt til að skógrækt fari ekki fram nálægt neinum neinum þeirra staða sem hér eru skráðir.

## Heimildaskrá

Ágúst Kr. Eyjólfsson og Ingólfur Einarsson. Hvammur 1, Landmannahreppi, Rangárvallasýsla. Örnefnastofnun Íslands 1929 og 1969.

*Árbók ferðafélags Íslands* 1966 eftir Harald Matthíasson. Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts.

Bjarni F. Einarsson, 2002. *Fornleifaskráning við Þjórsá. Vegna mats á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar. Fornleifafræðistofan.* Reykjavík.

Björn Lárusson, 1967. *The old Icelandic Land Registers.* Lund.

Brynjúlfur Jónsson, 1898. Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu.

*Árbók hind íslenska fornleifafélags* 1898, 1-28.

DI – *Íslenskt fornbréfasafn* II. Kaupmannahöfn 1893.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Ágúst Georgsson tók saman. Fyrsta útgáfa. Fornleifanefnd. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990.

ÍF I *Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók.* Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1969.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1, Kaupmannahöfn 1913-1917.

*Sunnlenskar byggðir V.* Rangárþing vestan Eystri Rangár. Búnaðarsamband Suðurlands 1987.